

Póstlúður Sumarliða Brandssonar landpósts



Póstlúður Sumarliða Brandssonar Landspósts

Gefinn Grunnvíkingafélaginu til minningar um föður minn Eyþór Magnús Bæringsson F.15.06 1916 D.02.09.1972.

Landpóstur var embættismaður sem fyrrum annaðist póstferðir á Íslandi. Landpóstar fóru á milli bæja og sveita á pósts væði sínu og höfðu póstlúður til að láta vita af komu sinni. Landpóstar voru þekktir menn á sínum tíma vegna þeirra harðinda og erfiðleika sem þeir urðu við að etja á ferðum sínum.

Jón Kristjánsson tók saman frásögn um hinstu för Sumarliða Brandssonar landpósts yfir Snæfjallaheiði og um Vébjarnarnúp 17. desember 1920, en Jón var samfylgdarmaður hans í þessari ferð. Þeir lögðu af stað frá Hesteyri í birtingu á bát til Grunnavíkur. Bréfhirðingarmaður í Grunnavík var hinn þekkti prestur séra Jónmundur Halldórsson, annálaður fyrir leiftrandi mál-snilld. Þar urðu þeir félagar fyrir óvæntri töf því séra Jónmundur hafði ekki lokið við að afgreiða póstinn og átti auk þess eftir að skrifa allmörg einkabréf Töfin varð meiri en góðu hófi gegnir eða um sex tímar og það átti eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Frá Grunnavík lá leiðin upp á Snæfjallaheiðina. Uppi á fjalli var iðulaus stórhrið og svo dimmt að þeir sáu tæpast handa sinna skil. Í þessu aftakaveðri hrapaði Sumarliði póstur ásamt hesti sínum Sörla niður háa hamra Núpsins. Jón Kristjánsson gerði sér ekki grein fyrir hvað gerst hafði fyrr en hann kom að opi á snjóhengju og hann sá glitta í fjöru mörg hundruð metrum neðar. Við illan leik tókst honum að fikra sig upp úr þessari dauðagildru og íhuga sína stöðu. Ekki var um annað að ræða en að freista þess að komast til byggða til að bjarga eigin skinni og kalla út leitarflokk. Eftir að hafa verið uppi á fjalli í hartnær átta tíma í linnulausum hriðarbyl tókst honum að komast að Snæfjallastað. Í klakabrynju tókst honum að vekja upp fólk á bænum. Strax næsta morgun var sendur út 18 manna leitarflokkur undir forystu Tómasar Sigurðssonar hreppstjóra á Sandeyri. Nokkrir leitarmanna gengu út með Núpnum og lögðu sig

í mikinn háska, enda slúttu snjóhengjur fram af hamraklettum Núpsins. Þeir urðu fyrir barðinu á stóreflis snjóskriðu sem hreif allt með sér sem fyrir varð út á sjó, þar á meðal lík Sumarliða. Einn maður komst lífs af í þessu snjóflóði, en þrír létust: Guðmundur Helgi Jósefsson Sandeyri, Bjarni Halldór Bjarnason Snæfjallaleiti og Pétur Pétursson Hafnardal.

Sagan er ekki öll, því sér Jónmundur fór í klofsnjó yfir Snæfjallaheiðina áleiðis í Unaðsdal til að jarðsetja þá tvo sem aldan hafði skolað á land og til að halda minningarguðsþjónstu um hina tvo sem ekki höfðu komið í leitirnar, þá gerðist sá hörmulegi atburður að prestsetrið á Stað í Grunnavík brann til kaldra kola. Svo bráður var eldurinn að minnstu munaði að manntjón yrði. Prestsfrúin slapp naumlega undan eldhafinu á nærklæðum einum fata, en úti var norðan stórhrið með hörkufrosti. Hún kól svo illa á fótum að hún beið þess aldrei bætur.

Næsta vor kleif Hafliði Gunnarsson frá Berurjóðri við Gullhúsá hamravegg þann sem Sumarliði hrapaði fram af, en þær klettasyllur voru taldar ókleifar. Hann fann póttösku Sumarliða á klettasnaga sem og hnakk hestsins. Í póttöskunni var allmikill peningapóstur á þeirra tíma mælikvarða, eða um 1.500 krónur. Bréfin voru blaut í gegn og peningarnir einnig, en að öðru leyti var allt óskemmt. Póttöskunni ásamt innihaldi hennar var skilað til póststjórnarinnar og að launum fyrir þessa ósérhlífni, djörfung og skilvísi fékk Hafliði 150 krónur í fundarlaun.

Jón Kristjánsson bar svipu Sumarliða til að kasta á hestinn í dýpstu og erfiðustu sköflunum upp hlíðar fjallsins. Að öllum líkindum bar hann einnig póstlúður Sumarliða um öxlinna, enda hafði Sumarliði nóg með að teyma hestinn og finna

rétu leiðina yfir Snæfjallaheiðina í því aftakaveðri sem skoll-
ið hafði á. Póstlúðri þessum tengist því mikil örlagasaga. Í
einni hendingu breyttist gangur lífsins hjá fámennu byggðar-
lagi þegar óblið náttúran tók í taumana með jafn afgerandi
hætti og raun ber vitni. Fjórir menn í strjálbýlli sveit létu lífið.
Engar rannsóknarnefndir voru sendar á vettvang í þá daga.
Hörð lífsbaráttan hélt einfaldlega áfram í faðmi miskunnar-
lausra náttúruafla. Höggið var þungt og skarðið var stórt
– sársaukinn á norðanverðum Vestfjörðum var skerandi.

Póstlúður þessi hefur nýlega verið sýndur í Þjóðminjasafninu
sem staðfestir að hann hafi verið smíðaður um aldamótin 1900,
en sé jafnvel eldri. Þjóðminjasafnið á aðeins einn póstlúður og
segir að slíkir gripir séu afar fágætir.

Póstlúðurinn er í eigu Grunnvíkingafélagsins sem fékk hann að
gjöf frá Sigtryggi Rósмар Eypórssyni í minningu föður hans.

Snæfjallasetur

2020



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA